



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 9. mars 2010

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti - 197. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál.

Samtök atvinnulífsins telja brýnt að tryggja að hægt verði að ganga frá þeim málum sem upp hafa komið í kjölfar bankahrunsins án þess að hætta sé á að hagsmunir spillist vegna álags á opinberar stofnanir s.s. dómstóla. Því getur verið nauðsynlegt að kveða sérstaklega á um rýmri tímafresti til handa skiptastjórum þrotabúa til að hnekkja tilteknum ráðstöfunum þrotamanns og koma þannig í veg fyrir ólögmæt undanskot eigna.

Samtök atvinnulífsins telja þó að orðalag ofangreinds frumvarps sé ekki nægilega skýrt þar sem að það megi skilja sem svo að það taki til ráðstafana þrotamanns sem framkvæmdar eru á því tímabili sem þar er tilgreint en hugsun frumvarpshöfunda hljóta þó að vera á þann hátt að hægt sé að rifta ráðstöfunum á þessu tímabili. Skýrara væri að kveða á um að hægt sé að krefjast riftunar ráðstafana og fullnustugerða sem áttu sér stað á tilteknu tímabili allt að fjórum árum fyrir frestdag.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Neffang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is

